

Viðmið um takmarkanir á skóla- og frístundastarfi vegna Covid-19

Í þeim samfélagslegu aðstæðum sem nú eru leggur Samband íslenskra sveitarfélaga höfuðáherslu á að fylgja í einu og öllu fyrirmælum opinberra aðila sem stýra aðgerðum til varnar útbreiðslu COVID veirunnar. Föstudaginn 13. mars 2020 settu sóttvarnarlæknir, fulltrúi almannavarna, forsætisráðherra, menntamálaráðherra og heilbrigðisráðherra fram tilmæli um skipulag skólahlads næsta mánuðinn vegna stöðunnar.

Sveitarfélögin í landinu sameinast um að samræma aðgerðir í skipulagi skóla- og frístundastarfs fyrir þetta tímabil eins og kostur er. Skóla- og frístundastarf mun fara fram með takmörkunum. Leikskólar og grunnskólar sinna börnum og unglíngum sem eru viðkvæmustu hópar samfélagsins og því þarf að huga vel að virkni þeirra og vellíðan. Þá ber að hlúa að starfsfólki sem starfar innan skóla- og frístundastarfs en þessi hópur sinnir mikilvægum störfum í í samfélaginu.

Samband íslenskra sveitarfélaga fylgist vel með þeim breytingum sem kunna að verða á takmörkunum á skólahlaldi. Við tökum höndum saman svo að allt starf geti farið fram af yfirvegun og æðruleysi. Sveitarfélögin færa þakkir til alls þess fjölda fagfólks á vettvangi sem tekur að sér skipulagningu skóla- og frístundastarfs næstu vikur við fordæmalausar aðstæður.

Meðfylgjandi eru viðmið sem unnin hafa verið í samstarfi fræðslufirvalda á höfuðborgarsvæðinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þau geta nýst sveitarfélögum við útfærslu þeirra á starfi sem nú er takmarkað skv. auglýsingu heilbrigðisráðherra frá 13. mars.

SÓTTVARNIR

1. *PRIF* verði í samræmi við reglur, t.d. að ef blöndun hópa er í sömu stofu þarf að þrifa á milli. Leiðbeiningar frá Landlæknisembættinu fylgja með þessu skjali.

LEIKSKÓLI

1. *GRUNNLÍNA* Að halda starfsemi gangandi á sem öruggastan hátt, þ.e. börn séu í sem minnstum hópum og aðskilin sem mest.
2. *FÆKKUN Í RÝMUM* Allt að helmingsfækkun getur orðið í húsi, þ.e. fjöldi barna takmarkaður og því um takmörkun á þjónustu að ræða. Stærð deilda og fjöldi rýma í einstaka skóla ræður framkvæmd. Fyrirkomulag leikskólastarfs í hverjum leikskóla verður endurskoðaða reglulega á tímabilinu
3. *OPNUNARTÍMI* Opnunartími er ákveðinn hjá hverju sveitarfélagi og getur mögulega styst vegna þarfa á auknum þrifum m.a. á leikefni.
4. *MÓTTAKA OG MATARMÁL* Móttaka á börnum fari fram í fataklefa/anddyri/úti og foreldrar/aðstandendur fari sem minnst inn í leikskólann. Börn verði sem mest útivið í lok dags þar sem foreldrar/aðstandendur sækja þau. Tekið er á móti aðföngum í dyrum og aðkomufólk komi ekki inn í hús. Matast verði inni á deildum og engin sjálfskömmun fari fram.

Viðbúið er að tiltekna starfsstéttir foreldra hafi forgang um þjónustu umfram aðra hópa samkvæmt lista frá Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Ef foreldrar eru í aðstöðu til að hafa börn heima eru þeir beðnir um að gera það.

GRUNNSKÓLI

1. **HÓPAR** Kennsla verði í hópum með ekki fleiri en 20 nemendum og ekki verði um blöndun hópa að ræða innan skóladagsins. Hver hópur hafi eina stofu til umráða Öll kennsla fari fram í stofu viðkomandi hóps og matast hann þar einnig ef ekki er unnt að nota matsal.
2. **GRUNNKENNSLA** Skólar halda úti eins miklu skólastarfi og kennslu og kostur er við þessar aðstæður og fyrirskipaðar takmarkanir. Það er í höndum hvers sveitarfélags/skóla að útfæra skiptingu kennslu milli viðveru í skóla og náms heima. Eðlilegt er að yngstu nemendur hafi forgang að viðveru í skóla. Bent er á fræðslu og stuðningsefni á vef Menntamálastofnunar og hjá RÚV. Allir nemendur hafi regluleg tengsl við skólann, þ.e. ýmist komi í skólann eða hafi samskipti við kennara með öðrum leiðum. Eftirfylgni verði höfð með ástundun náms og mikilvægt að foreldrar taki þátt í því verkefni. Lögð verði áhersla á stöðuga virkni nemenda og reglulega hreyfingu. Nákvæm útfærsla verður ólík milli skóla/sveitarfélaga.
3. **(SÉR)GREINAKENNSLA Í SÉRÚTBÚNUM STOFUM/RÝMUM FALLI NIÐUR** Öll venjubundi kennsla í list- og verkgreinastofum falli niður. Íþrótt- og sundkennsla verði í formi hreyfingar á skólalóð, annarri útikennslu eða inni í hópastofum. Sérgreinastofur má nota fyrir ákveðna (fasta) hópa ef þörf er fyrir að skipta bekkjum til að fara ekki yfir viðmiðunarfjölda hópa. Einstaka skóli skipuleggur nánari tilhögun skóladagsins og kennslutilhögun.
4. **SÉR-/STARFSDEILDIR** Sér-/starfsdeildir verði með óbreytta starfsemi eftir fremsta megni.
5. **MATARÞJÓNUSTA** Matarþjónusta verði í boði í skóla ef mögulegt er að koma því við. Öll matarneysla fari fram í heimastofum eða í matsal skóla þar sem því verður við komið.
6. **VETTANGSFERÐIR falli niður** sem og ferðir í skólabúðir.

FRÍ-/TÓMSTUNDIR

1. **FRÍSTUNDAHEIMILI** Frístundaheimili verði opin í framhaldi af skóladegi yngstu nemenda en viðbúið er að starfsemi skerðist. Starfsmenn frístundaheimila nýti kennlustofur bekkja/hópa til starfseminnar ef kostur er til þess að draga úr blöndun milli hópa/bekkja og dreifa starfseminni. Akstur frístundabíla falli niður.
2. **FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR** Starfsemi félagsmiðstöðva tekur breytingum. Áhersla verði á að mæta félagsþörf án þess að skörun verði milli hópa/bekkja, t.d. að hópaskipt/árgangaskipt sé í opnunum og lögð áhersla á hópastarf en ekki stærri samkomur. Nákvæm útfærsla verður ólík milli skóla/sveitarfélaga.

TÓNLISTARSKÓLAR/SKÓLAHLJÓMSVEITIR

1. **HLJÓDFÆRA-/SÖNGKENNSLA EN ENGIN HÓPAKENNSLA** Tímar vegna hljóðfærakennslu/söngkennslu fari fram í húsnæði eða heimastöð tónlistarskóla/skólahljómsveita. Hóptímar s.s. hljómsveitartímar, hópæfingar, tónfundir, forskóli og tónfræðitímar falli niður. Allir viðburðir tengdir þessari starfsemi falli niður. Viðmið þessi taka einnig til tónlistarnemenda sem eru eldri en 18 ára. Lögð er áhersla á að leitað sé leiða til að viðhalda virkni óháð fjarveru/niðurfellingu. Nákvæm útfærsla verður ólík milli skóla/sveitarfélaga.

ÍÞRÓTTAMÁL OG ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐVAR

1. **SKÓLAÍÞRÓTTIR** Ekki verður hefðbundin íþrótt- og sundkennsla á vegum grunnskóla í samkomubanninu. Viðkomandi húsnæði lokað fyrir skólakennslu skólunum og íþrótt- og sundkennarar vinna með námshópnum í heimastofu eða úti á skólalóð.
2. **SUNDLAUGAR** Sent til bæjarstjóranna til ákvörðunar.

3. *ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐVAR* Líkamsræktarstöðvar opnar og óskað er að frekari leiðbeininga frá Landlæknisembættinu. Lagt er til að búningsklefum verði lokað.
4. *ÍÞRÓTTAFÉLÖG* Íþróttafélög gefa sínar eigin tilkynningar um æfingar. Tilkynningar eru komnar frá íþróttasamböndum um leikjabann.

SKÓLABÍLUM

1. *SKÓLABÍLAR* Haldi skal áfram skólaakstri í dreifbýli eins og kostur og þess sé gætt að ekki verði fleiri en 20 í bíl að bílstjóra meðtöldum. Þar sem fjöldi barna í skólabílum fer yfir 20 þarf að tvískipta akstri eða fá foreldra með í lið. Börn, sem eiga viðkvæma aðstandendur, gætu þurft að halda sig frá skólabílum og er það foreldra að leggja mat á það. Bil milli nemenda í kennslustofum og skólabílum er ekki skilyrt við 2 metra en varast ber að hópar sem aðgreindir eru í skólunum blandist saman í skólabílum. Þrif á skólabílum séu í samræmi við viðmið Landlæknis um skólahúsnæði.

Mikilvægt að allir leggi sig fram um halda ró, veita öryggi og efla vellíðan.